

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skrifstofa orkumála

Borgartúni 21

105 Reykjavík

Reykjavík, 4. september 2026

Efni: Umsögn Samorku um drög að reglugerð um framkvæmd 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga nr. 65/2003, mál í samráðsgátt nr. S-122/2026

1. Inngangur

Meðfylgjandi er umsögn Samorku, samtaka orku- og veitufyrirtækja um framangreind drög að reglugerð sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 8. júlí. Samorka þakkar veittan frest til að skila umsögn.

Samorka styður almennt markmið reglugerðarinnar um að tryggja heilindi og gagnsæi á íslenskum heildsöluorkumarkaði og skilvirkt eftirlit með honum. Aðildarfyrirtæki Samorku, fyrirtæki í raforkugeiranum, og starfsfólk þeirra eiga ríkra hagsmuna að gæta af því að regluverkið sé skýrt, fjársjáanlegt og í hæfilegu samræmi við þá evrópsku fyrirmynd sem því er ætlað að innleiða. Mikilvægt er að tekið verði sérstakt tillit til séreinkenna íslenska raforkumarkaðarins sem einkennist af einangrun og því að stærstur hluti framleiddrar raforku er seldur í tvíhliða samningum við nokkra stórnotendur rafmagns. Þá er verðmyndun hvorki tengd jarðgasi né olíu og markaðurinn er ekki samtengdur öðrum mörkuðum með beinum hætti.

Umsögnin skiptist í fjóra meginhluta:

- Frestun á gildistöku, bæði reglugerðarinnar og laganna (2. kafli);
- Skortur á lagastoð tiltekinna ákvæða reglugerðarinnar (3. kafli);
- Athugasemdir við orðalag einstakra ákvæða reglugerðarinnar (4. ,kafli);
- Samantekt á helstu tillögum Samorku (5. kafli).

2. Gildistaka reglugerðarinnar

2.1 Gildistöku laga og reglugerðar verði frestað

Í núverandi mynd er gert ráð fyrir að reglugerðin og lögin taki gildi 1. janúar 2027. Samorka telur að þessi tímasetning, svo stutt undan, sé óraunhæf og að endurskoða þurfi gildistökuina með heildstæðum hætti.

Ákvæði 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga eru að stórum hluta almennt orðuð og verða ekki uppfyllt í reynd fyrr en reglugerðin sjálf, ásamt tilheyrandi leiðbeiningum, tæknilegum kröfum og innviðum

Raforkueftirlitsins liggur fyrir. Þetta á til dæmis við um birtingu innherjaupplýsinga (20. gr. h) og gagnaskil (20. gr. i). Í þessum tilvikum er það reglugerðin, og eftir atvikum enn ítarlegri leiðbeiningar Raforkueftirlitsins settar á grundvelli hennar sem gefa lagaákvæðunum raunverulegt, framkvæmanlegt inntak. Lagaskyldur verða ekki raunhæfar fyrr en reglugerðin og nauðsynleg stoðgögn liggja fyrir og því getur gildistaka ekki orðið fyrr en að reglugerð, leiðbeiningar og tæknilegar kröfur hafa legið ljósar fyrir í nokkurn tíma.

Fjöldmörg ákvæði reglugerðardraganna gera ráð fyrir að Raforkueftirlitið birti frekari leiðbeiningar, tæknilegar kröfur, notendahandbók eða annað stoðefni svo markaðsaðilar geti uppfyllt þær kröfur sem lögín og reglugerðina gera. Þetta á til dæmis við um:

- 2. - 3. mgr. 6. gr. — leiðbeinandi mat Raforkueftirlitsins á birtingarleiðum innherjaupplýsinga;
- 5. mgr. 11. gr. — nánari notendahandbók Raforkueftirlitsins um gagnaskil;
- 2. mgr. 15. gr. — tæknilegar og skipulagslegar kröfur til gagnaskila, sem Raforkueftirlitið þróar að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila; og
- 5. mgr. 15. gr., nánari upplýsingar um tæknilegt fyrirkomulag gagnaskila, rafræn snið, auðkenni og samskipti við gagnagrunn Raforkueftirlitsins.

Samorka telur mikilvægt að tryggður verði fyrirsjáanleiki og að markaðsaðilar hafi raunhæfa möguleika á að fylgja reglum áður en skyldur samkvæmt lögunum og reglugerðinni taka gildi.

Efnisákvæði laganna eru í reynd útfærð í þrepum: lög, reglugerð, leiðbeiningar og tæknilegar kröfur. Markaðsaðilar geta ekki hafið undirbúning að því að uppfylla skyldur sínar fyrr en neðsta þrepíð liggur fyrir. Gildistaka sem miðast eingöngu við að reglugerðin sjálf sé birt, án tillits til þess hvenær stoðgögnin verða raunverulega tilbúin og hvenær markaðsaðilar hafa í kjölfarið haft hæfilegt svigrúm til aðlögunar, tekur ekki mið af þessari staðreynd.

2.2 Fordæmi úr Evrópurétti

Til að nefna skilvirkt fordæmi má vísa til yfirstandandi breytinga á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/256 frá 30. janúar 2026, sem leysir af hólmi eldri framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1348/2014. Hér um að ræða reglugerðir sem útfæra ákvæði um gagnaskilaskyldu til eftirlitsaðila og eru að því leyti sambærileg við IV. kafla íslensku reglugerðarinnar. Nýja framkvæmdarreglugerðin nr. 2026/256 tók gildi 29. apríl 2026, en gildistaka tiltekinna ákvæða reglugerðarinnar er í skrefum til 1. júlí 2028 þar sem gert er ráð fyrir að leiðbeiningar og rafræn snið liggi fyrir frá eftirlitinu með allt að árs fyrirvara.

„2. Article 6 shall apply from **1 January 2027**. No later than **29 October 2026**, the Agency shall provide guidance and electronic formats on Article 6.“ (2. tl. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2026/256)

„4. Article 4(1), 4(3) [...] shall apply from **29 April 2028**. No later than **29 April 2027**, the Agency shall provide guidance and electronic formats on Articles (4(1), 4(3)... [•]“. (4. tl. 17. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2026/256)

Þannig hafa markaðsaðilar hæfilegan tíma til að aðlagja sig að breyttum skilum eftir að endanlegar og nauðsynlegar leiðbeiningar liggja fyrir. Í þessu samhengi verður að leggja áherslu á að hér er um að ræða breytingu á framkvæmdareglugerð um gagnaskil sem efnislega hefur verið í gildi frá 2014.

Þetta fordæmi sýnir að jafnvel innan þess þroskaða, samræmda regluverks sem REMIT og framkvæmdareglugerðir þess mynda með starfandi miðlægri stofnun, útgefnum leiðbeiningum og marga ára reynslu af framkvæmd er talið nauðsynlegt að tryggja rúman tíma milli birtingar stoðfnis annars vegar og gildistöku hins vegar.

Að mati Samorku er enn ríkari ástæða til að tryggja sambærilegt aðlögunarferli hér á landi, þar sem regluverkið er nýtt í heild sinni. Hvorki er fyrir hendi sambærileg stofnanaþekking né innviðir hjá Raforkueftirlitinu eða markaðsaðilum.

Samorka leggur áherslu á að markaðsaðilum er ókleift að innleiða tæknilega innviði, uppfæra viðskiptakerfi og þjálfa starfsfólk án þess að tæknilýsingar (s.s. gagnasnið og notendahandbækur) liggi fyrir. Gildistaka lagaákvæða sem baka aðilum refs- eða stjórnsýsluviðurlög án þess að tæknilegar forsendur séu til staðar brýtur gegn grundvallarreglum um réttaröryggi og skýrleika refs- og viðurlagaheimilda.

2.3 Tillaga Samorku

Samorka leggur til að gengið verði út frá því að 6. og 7. gr. laga nr. 45/2026 taki ekki gildi fyrr en liðnir eru a.m.k. 3 mánuðir frá því að tilheyrandi reglugerðir, leiðbeiningar og notendahandbók hafa verið birt í endanlegri mynd.

Samorka telur skynsamlegt að Raforkueftirlitið og ráðuneytið verði til ráðgjafar um hvenær sú dagsetning gæti orðið út frá því hvenær ætla má að reglugerðir, leiðbeiningar og notendahandbók verður tilbúið að undangengnu samráðsferli við markaðsaðila og aðra haghafa.

Þá kemur einnig til greina að löggjafinn breyti 11. gr. laga nr. 45/2026 á þann hátt að þar standi að 6. og 7. gr. taki gildi 1. júlí 2027 og að tilheyrandi reglugerðir, leiðbeiningar og notendahandbók verði birt opinberlega eigi síðar en 1. apríl 2027.

3. Lagagrundvöllur

Meginregla íslensks stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar er að stjórnvöldum er einungis heimilt að setja reglur sem íþyngja borgurunum að því marki sem skýr og ótvíræð lagaheimild stendur til þess (lögmætisreglan).

Samorka telur að eftirfarandi ákvæði í reglugerðinni hvíli ekki á nægilega sterkum lagalegum grunni.

3.1 Skilaskylda á óstöðluðum samningum, sbr. 11. gr. og viðauka II

Í 7. tl. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar segir að undir gagnaskil falli „Samningar um afhendingu á raforku til stórnotenda.“ Þá gerir 3. mgr. 11. gr. reglugerðardraganna, sbr. töflu 2 í viðauka II, ráð fyrir að markaðsaðilar skili upplýsingum um hvern og einn óstaðlaðan samning fyrir sig, að lágmarki

heildarmagn og verð samkvæmt orðalagi 3. mgr. 11. gr., en í reynd með um 45 sjálfstæðum gagnareitum samkvæmt töflu 2 í viðauka II.

Ákvæði 2. mgr. 20. gr. i raforkulaga um gagnaskil kveður á um tvenns konar gagnaskilaskyldu. Í 1. málsl. er markaðsaðilum gert að láta Raforkueftirlitinu í té „pöntunarbók“ með nákvæmri auðkenningu keypra og seldra heildsöluorkuafurða, verði, magni, dagsetningum og samningsaðilum. Í 2. málsl. er markaðsaðilum gert að „greina frá útsettri áhættu í viðskiptum sínum eftir vörutegundum, þ.m.t. viðskiptum sem eiga sér stað utan viðskiptavettvangs raforku“.

Hugtakið „pöntunarbók“ er skilgreint í 10. tl. 2. gr. reglugerðardraganna sem rauntímaskrá upplýsinga um öll virk kaup- og sölutilboð um heildsöluorkuafurðir, þar á meðal pörð og ópörð viðskiptafyrirmæli. Eðli málsins samkvæmt á sú skilgreining við um skipulagða viðskiptavettvanga þar sem tilboð bíða þörunar en ekki um tvíhliða, sérsamda samninga utan viðskiptavettvangs (OTC-samninga) sem aldrei fara í gegnum neitt þörunarferli.

Það er mat Samorku að framangreindar kröfur í reglugerðinni, þ.e. í 7.tl. 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 11. gr. gangi lengra og geri meiri kröfur til gagnaskila en að vera annað hvort „pöntunarbók“ eða að greina frá „útsettri áhættu“ eins og kveðið er á um í lögnum. Þannig skortir í raun lagastoð fyrir því að fara fram á þau gagnaskil sem þar er kveðið á um.

Þeir samningar sem einna helst falla í þennan flokk eru samningar við stórnotendur. Óvissa um lagastoð gagnaskila af þessu tagi varðar því hagsmuni sem ástæða er til að taka alvarlega. Lögmætisregla stjórnsluréttarins takmarkar svigrúm ráðherra til að leggja ríkari skyldur á aðila í reglugerð en lög kveða á um. Stórnotendasamningar á Íslandi eru fáir, langtímasamningar og sérsniðnir, þannig að stöðluð evrópsk gagnaskilaskema eiga illa við og leggja óhóflega byrði á markaðsaðila með óljósum ávinningi fyrir eftirlitið.

Tillaga Samorku: Orðalag 7. tl. 9. gr., 3. mgr. 11. gr. og tafla 2 í viðauka II í reglugerðinni verði afmarkað þannig að gagnaskilin rúmist innan þess að markaðsaðilar greini frá útsettri áhættu vegna umræddra viðskipta eins og kveðið er á um í 20. gr. i raforkulaga.

3.2 17. gr. — Tilkynningarskylda viðskiptavettvanga og milligönguaðila í raforkuviðskiptum

17. gr. reglugerðardraganna kveður á um að viðskiptavettvangar og milligönguaðilar tilkynni Raforkueftirlitinu án tafar um viðskipti eða viðskiptafyrirmæli sem þeir hafa rökstuddan grun um að feli í sér innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga, markaðsmisnotkun eða tilraun til slíkrar háttsemi. Tilkynningarskyldum aðila er jafnframt skylt að gæta trúnaðar um tilkynninguna og óheimilt að láta markaðsaðila vita af henni (sbr. 3. mgr. 17. gr.)

Þá er í 3. mgr. 17. gr. kveðið á um að tilkynning skuli berast í síðasta lagi 4 vikum frá því að tilkynningarskyldur aðili varð var við brotið. Sá frestur sem 17. gr. setur til að tilkynna grun er bein og nákvæm þýðing á 1. og 2. mgr. 15. gr. REMIT.

„...shall notify the Agency and the relevant national regulatory authority without further delay and in any event no later than four weeks from the day on which that person becomes aware of the suspicious event." (1. og 2. mgr. 15. gr. REMIT)

Í 4. mgr. 17. gr. reglugerðardraganna kemur fram að viðskiptavettvangi og milligönguaðila sé óhemiilt að hafa milligöngu um viðskipti með heildsöluorkuafurð hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskipti feli í sér brot á ákvæðum raforkulaga.

15. gr. REMIT, sem er fyrirmynd 17. gr. reglugerðardraganna að öðru leyti, leggur á PPAET¹-aðila (viðskiptavettvanga og milligönguaðila) skyldu til að hafa kerfi til að greina möguleg brot og tilkynna rökstuddan grun til eftirlitsaðila. Greinin felur þeim hins vegar hvergi að taka endanlega ákvörðun um lögmæti tiltekinna viðskipta eða hafna þeim á grundvelli eigin lagamats.

Leiðbeiningar ACER um beitingu REMIT taka sérstaklega fram að samskipti við hinn grunaða aðila í tengslum við mögulegt brot skuli vandlega ígrunduð til að forðast að „vara hann við" (e. tipping off), og að markaðseftirlitsteymi skuli að meginreglu ekki hafa samband við viðkomandi eftir að tilkynning hefur verið send nema í samráði við eftirlitsaðila. Í undantekningartilvikum þar sem gripið er til aðgerða á borð við stöðvun viðskipta er sérstaklega tekið fram að samráð við eftirlitsaðila frá upphafi skipti höfuðmáli, sbr. mgr. 508–509 í leiðbeiningum ACER um beitingu REMIT.

Sú útvíkkun sem birtist í 4. mgr. 17. gr. reglugerðardraganna er tvíþætt:

- hún felur viðskiptavettvangi/milligönguaðila að taka ákvörðun sem eðli málsins samkvæmt á heima hjá Raforkueftirlitinu og það án formlegrar málsmeðferðar og kæruverndar sem felst í stjórnarsýslulegri meðferð mála og
- hún krefst þess að viðskiptavettvangur/milligönguaðili grípi til sýnilegrar aðgerðar (höfnunar viðskipta) á grundvelli lægri þröskuldar „vitneskju eða gruns" án þess „rökstudda gruns" sem tilkynningarskyldan sjálf krefst, og án samráðs við eftirlitsyfirvald sem ACER leggur áherslu á til að forðast að vara hinn grunaða við.

Samorka fær ekki séð að 15. gr. REMIT, né önnur ákvæði eða leiðbeiningar sem reglugerðardrögin sækja fyrirmynd sína til, veiti fordæmi fyrir því að fela viðskiptavettvangi eða milligönguaðila slíka ákvörðunartöku. Ef viðskiptavettvangi eða milligönguaðila er gert skylt að hafna milligöngu eða stöðva viðskipti á grundvelli eigin mats á „grun", skapast til að mynda veruleg hættu á skaðabótakröfum frá viðskiptaaðilum ef í ljós kemur að viðskiptin voru fullkomlega lögmæt. Viðskiptavettvangur er einkaréttarlegur aðili sem hefur hvorki rannsóknarheimildir né úrskurðarvald.

Tillaga Samorku: Samorka leggur til að 4. mgr. 17. gr. verði felld brott, þannig að skyldur viðskiptavettvanga og milligönguaðila samkvæmt greininni í heild fylgi þeim kröfum sem birtast í 15. gr. REMIT, þ.e. að greina og tilkynna rökstuddan grun til Raforkueftirlitsins.

¹ Persons Professionally Arranging or Executing Transactions

3.3 Tilkynningarskylda almennra markaðsaðila, sbr. 19. gr.

Í 19. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að allir markaðsaðilar og starfsfólk þeirra tilkynni um brot á ákvæðum um innherjasvik, ólögmæta miðlun innherjaupplýsinga og markaðsmisnotkun ef grunur vaknar um slíkt.

Í 2. mgr. 20. gr. g. raforkulaga er skylda um að tilkynna Raforkueftirlitinu um brot eingöngu lögð á rekstraraðila viðskiptavettvanga og milligönguaðila í raforkuviðskiptum en nær ekki til allra markaðsaðila og þaðan af síður starfsmanna þeirra.

Viðskiptavettvangar og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum eru afmarkaður hópur sem samsvarar því sem í Evrópurétti er nefnt „persons professionally arranging or executing transactions“ (PPAET), sbr. 15. gr. REMIT. Í greinargerð með frumvarpi því er breytti raforkulögum og bætti 20. gr. g við lögin kemur fram að ákvæðið taki mið af 15. gr. REMIT.

Afmörkun þessa hóps í Evrópurétti er reist á efnislegum rökum sem ACER hefur skýrt í leiðbeiningum sínum. Þar kemur fram að aðilar sem starfa í atvinnuskyni við að taka við og miðla viðskiptafyrirmælum, eða framkvæma viðskipti, öðlast við það þekkingu á markaðnum og viðskiptavinum sínum sem gerir þá í stakk búna til að fylgjast með viðskiptastarfsemi og greina möguleg brot, sbr. 429. mgr. leiðbeininga ACER um beitingu REMIT. Í krafti milligönguhlutverks síns hafa slíkir aðilar yfirsýn yfir viðskipti margra ótengdra aðila. Yfirsýn sem venjulegur markaðsaðili, sem einungis á sín eigin viðskipti, hvorki hefur né getur haft.

Sú útvíkkun sem birtist í 19. gr. reglugerðardraganna er tvíþætt:

- hún nær til fleiri aðila, allra markaðsaðila og starfsmanna þeirra í stað viðskiptavettvanga og milligönguaðila eingöngu og
- þar sem hún kallar á innri tilkynningarferla hjá hverjum og einum markaðsaðila, kallar hún á víðtækari skipulagsskyldur en 20. gr. g gerir ráð fyrir.

Samorka fær ekki séð að 20. gr. g, né önnur ákvæði 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga, veiti skýra heimild til að leggja slíka skyldu á almenna markaðsaðila. Við þetta má bæta að fjöldi markaðsaðila er umtalsverður og sumir þeirra mjög litlir og/eða með mjög takmarkaða starfsemi á heildsöluorkumarkaði. Má sem dæmi nefna smáa framleiðendur með t.d. eina virkjun upp á 5-10MW og dreifiveitur. Þessir aðilar eru markaðsaðilar en eiga mjög takmörkuð og fá viðskipti á heildsöluorkumarkaði. Tilkynningarskylda samkvæmt 19. gr. krefst þessi að þessir aðilar hafi innra verklag og ferli til að starfsmenn þeirra geti greint og tilkynnt um grun um brot á ákvæðum laganna. Slík kvöð á þessa aðilar er ekki í samræmi við markmið REMIT-reglna og hvílir ekki á skýrri lagastoð.

Almennt má gera ráð fyrir að markaðsaðilar hafi hag af því að tilkynna um viðskipti sem þeir telja að í felist innherjasvik, ólögmæt miðlun innherjaupplýsinga eða markaðsmisnotkun og því er mikilvægt að ákvæði 4. og 5. mgr. 19. gr. standi áfram en í þeim er kveðið á um að Raforkueftirlitið skuli hafi ferla til að taka við og fylgja eftir tilkynningum um brot.

Tillaga Samorku: Samorka leggur til að 1. – 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar falli brott.

4. Athugasemdir við einstök ákvæði reglugerðarinnar

Í þessum hluta er farið yfir einstök ákvæði reglugerðarinnar og reifaðar helstu athugasemdir Samorku. Ekki er sérstaklega fjallað um þau ákvæði reglugerðarinnar sem engar athugasemdir eru gerðar við.

4.1 II. kafli — Opinber birting innherjaupplýsinga (3.–7. gr.)

3. gr. — Opinber birting innherjaupplýsinga

Í 1. mgr. 3. gr. segir að markaðsaðilar skuli birta innherjaupplýsingar opinberlega, tímanlega, án mismununar og án endurgjalds...

Samorka bendir á að krafan um að upplýsingarnar séu aðgengilegar „án endurgjalds“ á væntanlega betur heima í 4. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um kröfur til birtingarleiðar.

Samorka gerir jafnframt athugasemd við c)-lið um að greina skuli frá nafni og stöðu þess einstaklings sem leggur fram tilkynninguna. Nafn og auðkenni fyrirtækisins sem er að birta upplýsingarnar ætti að nægja til að tryggja ábyrgð og rekjanleika, án þess að þörf sé á að auðkenna einstaka starfsmenn opinberlega í hvert sinn.

Tillaga Samorku: Samorka leggur til að orðin „án endurgjalds“ verði felld úr 1. mgr. 3. gr. og c)-liður verði felldur úr 3. mgr. 3. gr.

4. gr. — Kröfur til birtingarleiðar innherjaupplýsinga

Samorka telur að í 4. gr. og 6. gr. reglugerðarinnar sé að finna blöndu af REMIT I og REMIT II, fremur en að byggt sé skýrt á öðru hvoru regluverkinu. Sú nálgun er til þess fallinn að valda ruglingi og veldur því að óljóst er hvaða kröfur verða raunverulega gerðar til markaðsaðila og birtingarvettvanga um birtingu innherjaupplýsinga.

Upprunaleg útgáfa REMIT (fyrir breytingu með reglugerð (ESB) 2024/1106, „REMIT II“) gerði einungis kröfu um að birting væri „skilvirk og tímanleg“, án þess að krefjast birtingar í gegnum sérstaklega viðurkenndan vettvang. Í því kerfi var birting á eigin vefsíðu markaðsaðila fullnægjandi birtingarleið.

Með REMIT II var þessu breytt; samkvæmt nógildandi 4. gr. REMIT skulu markaðsaðilar birta innherjaupplýsingar „through IIPs“ — þ.e. gegnum innherjaupplýsingavettvanga sem ACER hefur formlega viðurkennt og hefur eftirlit með.

4. gr. reglugerðarinnar tekur upp hugtök og orðalag sem líkist REMIT II nálgun, með ítarlegum a–i tæknilegum kröfum til „birtingarleiðar eða upplýsingavettvangs“ og heimild Raforkueftirlitsins til að fjalla um tiltekna leið, sbr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Reglugerðin tekur þó ekki upp þá stofnanaumgjörð sem gerir REMIT II kerfið raunverulega traust fyrir markaðsaðila. Í 6. gr. kemur til að mynda fram að mat Raforkueftirlitsins á birtingarleið sé eingöngu leiðbeinandi og feli ekki í sér neina ábyrgð.

Afleiðingin er að markaðsaðilar standa frammi fyrir kröfum sem að umfangi minna á REMIT II, en án þess öryggis sem fylgir formlegri viðurkenningu vettvangs, og án þess einfaldleika sem fylgdi eldra, léttara kerfi REMIT I.

Í þessu sambandi má benda á að 4. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar útilokar sérstaklega að leiðbeinandi mat Raforkueftirlitsins á birtingarleið hafi áhrif á ábyrgð markaðsaðila. Matskerfið sem 6. gr. mælir fyrir um hefur því takmarkað hagnýtt gildi eins og það stendur, þar sem markaðsaðili ber áfram fulla ábyrgð óháð niðurstöðu matsins. Samorka leggur til að annaðhvort verði mat Raforkueftirlitsins gert bindandi, með svipuðum áhrifum og í IIP-kerfi REMIT II, eða að tilgangur og réttaráhrif matsins verði skýrð betur í ljósi þess að það breytir ekki ábyrgð markaðsaðila.

Tillaga Samorku: Horft verði til nálgunar REMIT II þannig að þegar og ef fram kemur birtingarvettvangur sem Raforkueftirlitið hefur viðurkennt eða skráð, beri markaðsaðili ekki sjálfstæða ábyrgð á vettvanginum sjálfum eða kerfum hans, heldur einungis á að velja viðurkenndan vettvang og afhenda honum réttar upplýsingar.

Tvítýngd birtingarskylda (f-liður 4. gr.). Samorka gerir auk þessa sérstaka athugasemd við f-lið 4. gr. sem krefst þess að upplýsingar séu birtar á íslensku og ensku. Bent er á að leiðbeiningar ACER (kafla 4.2.2) bjóða upp á val milli birtingar á íslensku og ensku annars vegar, eða eingöngu á ensku hins vegar. Reglugerðardrögin gera hins vegar bæði tungumálin að skilyrðislausri skyldu, án undantekninga. Ef birt er á báðum tungumálum vaknar að auki spurning um hvor textinn ráði, komi upp misræmi milli útgáfanna — sem reglugerðardrögin svara ekki.

Tillaga Samorku: F-liður 4. gr. verði breytt þannig að markaðsaðilum verði, líkt og í leiðbeiningum ACER, heimilt að velja á milli birtingar á íslensku og ensku annars vegar eða eingöngu ensku hins vegar. Sé birt bæði á íslensku og ensku verður að taka fram hvort textinn ráði og hvor sé þýðing.

5.–6. gr. — Tímanleg birting og tilkynning um birtingarleið

Varðandi umfjöllun um 6. gr. vísast til umfjöllunar í 4. gr. um REMIT I og REMIT II. Þannig færi t.d. betur á því að í 2. mgr. 6. gr. stæði að Raforkueftirlitið „skal“ birta almennar leiðbeiningar... í stað „getur“.

Þá kemur í 2. og 3. mgr. 6. gr. fyrir orðalagið „tímanlega og jafna birtingu“. Óljóst er hvað átt er við með jafnri birtingu.

Þá væri æskilegt að 6. gr. kvæði á um skyldu Raforkueftirlitsins til að birta lista yfir þær birtingarleiðir sem markaðsaðilar hafa tilkynnt um að þeir ætli að nota, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. þannig að markaðsaðilum öllum sé ljóst hvaða birtingarleið hver og einn notar.

Samorka áréttar hér mikilvægi þess að hæfilegur aðlögunartími verði gefinn fyrir aðila til að byrja að nota birtingarleið og fyrir Raforkueftirlitið að birta leiðbeiningar og veita mat á birtingarleið og upplýsingavettvöngum. Þannig verður að vera alveg skýrt áður en lögin taka gildi og krafa um opinbera birtingu innherjaupplýsinga verður að veruleika hvar og hvernig markaðsaðilar munu birta þær upplýsingar og kerfi og boðleiðir hafi verið sannreynðar og prufaðar áður.

Tillaga Samorku: Orðalagið „jöfn birting“ verði skýrt eða felld úr reglugerðinni. Bætt verði við 1. mgr. 6. gr. eftirfarandi setningu: „Raforkueftirlitið skal birta opinberlega lista yfir með hvaða hætti markaðsaðilar birta innherjaupplýsingar“.

7. gr. — Frestun birtingar og skrifleg skýring

7. gr. mælir fyrir um ítarlega skjalfestingarskyldu (a–c liðir, með undirliðum) sem markaðsaðili þarf að fullnægja fresti hann birtingu innherjaupplýsinga. Skylda af þessu tagi veitir vissulega skýrleika um hvað beri að skjalfesta, en umfang hennar er nokkuð ítarlegt.

Upptalningin er jafnframt ekki bein REMIT-krafa. 2. mgr. 4. gr. REMIT er í sjálfu sér einföld: markaðsaðili sem frestar birtingu skal „án tafar“ tilkynna upplýsingarnar ásamt rökstuðningi fyrir frestuninni til viðkomandi eftirlitsyfirlvals. Ítarlega upptalningin í 7. gr. reglugerðarinnar virðist sótt í staðlað tilkynningarform sem ACER mælir með sem hagnýtu hjálpartæki (byggt á fyrirmynd frá fjármálamörkuðum), fremur en í lagatexta REMIT sjálfs, sbr. 135.–137. mgr. leiðbeininga ACER um beitingu REMIT.

Samorka telur mikilvægt að í leiðbeiningum Raforkueftirlitsins verði veitt dæmi um atvik og aðstæður sem geta réttlætt að birtingu innherjaupplýsinga sé frestað.

Þá er bent á að í 2. mgr. 7. gr. kemur ekki nægilega skýrt fram á hvaða tímapunkti tilkynning um frestun skuli berast Raforkueftirlitinu.

Undanþága vegna mikilvægra innviða. 7. mgr. 4. gr. REMIT heimilar frestun á birtingu viðkvæmra upplýsinga í tengslum við vernd mikilvægra innviða, sbr. skilgreiningu tilskipunar 2008/114/EB. Norska innleiðingin hefur tekið þessa undanþágu upp með beinum hætti, sbr. 4. mgr. § 5-3 NEM. Samorka beinir því til ráðuneytisins að hugað verði að viðbót við 20. gr. h raforkulaga sem mæli fyrir um slíka undantekningu frá birtingarskyldu.

4.2 III. kafli — Viðurkennd markaðsframkvæmd (8. gr., viðauki I)

8. gr. og viðauki I — Almennar kröfur um viðurkennda markaðsframkvæmd

20. gr. f raforkulaga mælir fyrir um að bannið við markaðsmisnotkun gildi ekki um háttsemi sýni aðili fram á lögmætar ástæður sem samræmist viðurkenndri markaðsframkvæmd. Í athugasemdum við f-lið frumvarps þess er varð að breytingarlögum um 20. gr. a – 20. gr. i raforkulaga kemur fram að um sé að ræða undantekningu frá háttsemi sem annars myndi teljast markaðsmisnotkun, og að „aðili beri sönnunarbyrðina“ fyrir því að um viðurkennda markaðsframkvæmd sé að ræða. Hvorki orðalag lagatextans né greinargerðin gera ráð fyrir formlegu umsóknar- eða fyrirfram samþykkisferli.

Samkvæmt leiðbeiningum ACER um beitingu REMIT (kaflinn „Accepted market practices“, 333.–341. mgr.) er viðurkennd markaðsframkvæmd þröng vörn sem eingöngu á við um eina undirtegund markaðsmisnotkunar, og sem metin er eftir á, í hverju máli fyrir sig, þar sem sönnunarbyrðin hvílir á hinum grunaða markaðsaðila.

Í 8. gr. reglugerðarinnar og viðauka I er farin sú leið að byggja upp formlegt umsóknar- og fyrirfram samþykkis ferli. Markaðsaðili sækir um viðurkenningu tiltekkinnar markaðsframkvæmdar, Raforkueftirlitið metur umsóknina að höfðu samráði við hagsmunaaðila og birtir rökstudda ákvörðun með gildistíma og skilyrðum, sem eftirlitið getur síðar endurskoðað eða afturkallað.

Það er mat Samorku að fyrirfram-viðurkenning sú sem reglugerðin gerir ráð fyrir veiti raunverulega réttarvernd sem eftir á vörn ein og sér gerir ekki og hér sé um að ræða mikilvæga viðbót og útfærslu á lagaákvæðinu að ræða. Fyrirtæki sem treystir á vörn REMIT eina og sér veit ekki með vissu, fyrr en hugsanlega í tengslum við rannsókn eða dómsmál, hvort tiltekin háttsemi teljist viðurkennd.

Að mati Samorku er þetta tvennt, vörnin annars vegar og fyrirfram viðurkenningin hins vegar, ekki andstæður heldur getur hvort tveggja átt rétt á sér samhliða, enda þjóna þau ólíkum þörfum. Vörnin nýtist markaðsaðila sem stendur frammi fyrir ásökun um brot en hefur ekki sótt um fyrirfram viðurkenningu, en fyrirfram viðurkenningin veitir aukinn fyrirsjáanleika fyrir alla markaðsaðila.

Samorka telur þó rétt að benda á að óvíst er hvort reglugerðin hafi nægilega lagastoð til að reisa formlegt fyrirfram viðurkenningarkerfi af því tagi sem gert er í reglugerðinni, enda ber hvorki orðalag 20. gr. f. né greinargerð með frumvarpinu með sér að um fyrirfram viðurkenningu geti verið að ræða.

Samorka bendir jafnframt á að viðauki I er í núverandi mynd að líkindum ítarlegri en þörf krefur á þessu byrjunarstigi, á meðan hvorki liggur fyrir reynsla af framkvæmd ákvæðisins né dæmi um þær markaðsframkvæmdir sem til greina kæmi að viðurkenna. Æskilegt væri að byrja með einfaldara og markvissara ferli, sem síðan yrði eftir atvikum aukið að umfangi eftir því sem reynsla og þörf gefa tilefni til.

Tillaga Samorku: 20. gr. f raforkulaga verði breytt þannig að lagastoð verði styrkt fyrir tvíþættu fyrirkomulagi, annars vegar að viðurkennd markaðsframkvæmd verði áfram unnt að bera fyrir sig sem eftir-á-vörn í tilteknu máli, líkt og núgildandi orðalag gerir ráð fyrir, og hins vegar að Raforkueftirlitinu verði veitt skýr lagaheimild til að viðurkenna tiltekna markaðsframkvæmd fyrirfram, óski markaðsaðili þess sérstaklega. Jafnframt verði ferlið í 8. gr. og viðauka I einfaldað til að byrja með, þannig að það endurspegli betur takmarkaða reynslu af framkvæmd ákvæðisins til þessa, en verði eftir atvikum útfært nánar síðar meir eftir því sem reynsla og tilefni verður til.

4.3 IV. kafli — Gagnaskil til Raforkueftirlitsins (9.–15. gr., viðauki II)

Lagagrundvöllur skilaskyldu á óstöðluðum samningum

Samorka vísar til ítarlegrar umfjöllunar um þetta atriði í kafla 3.1. Í stuttu máli telur Samorka að 3. mgr. 11. gr. reglugerðardraganna og tafla 2 í viðauka II, sem krefjast skila á stökum, samningsbundnum upplýsingum um óstaðlaða (OTC) samninga, kunni að ganga lengra en 20. gr. i raforkulaga heimilar.

9. gr. – Tegundir heildsöluorkuafurða sem falla undir gagnaskilaskylduna

Lokamálsgrein 9. gr., sem leggur á stórnotendur skyldu til að tilkynna mótaðila sínum um tæknilega notkunargetu sína, er nánast bein þýðing á 3. mgr. 3. gr. eldri framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1348/2014, þar sem ákvæðið leysir raunverulega óvissu, enda krefst mat á „tæknilegri notkunargetu“ samkvæmt REMIT sértæks mats sem seljandi getur ekki framkvæmt einn og sér. Hér á landi er staða stórnotanda hins vegar þegar formlega og fyrirfram þekkt báðum samningsaðilum í gegnum beina tengingu við flutningskerfið og því á sú forsenda sem ákvæðið byggir á í Evrópurétti sjaldnast við hér á landi. Samorka leggur því til að lokamálsgrein 9. gr. verði felld brott.

10. gr. — Samningar sem aðeins falla undir gagnaskil að beiðni Raforkueftirlitsins

10. gr. undanþiggur tiltekna samninga þ.m.t. framleiðslu með uppsett afl 5 MW eða minna frá reglubundinni gagnaskilaskyldu og kveður á um að Raforkueftirlitið geti sérstaklega óskað eftir gögnum sem þörf á. Samsvarandi viðmiði í b-lið 1. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2026/256 (áður 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1348/2014) er 10 MW.

Ekki er skýrt hvers vegna vikið er frá 10 MW-viðmiðinu. Það er nokkuð þung stjórnsýslubyrði sem fylgir reglubundnum gagnaskilum samkvæmt 9. gr. og mikilvægt að hér verði farið hægt í sakirnar. Viðmiðið um 10MW er þekkt og hefur víðtæka skírskotun á íslenskum raforkumarkaði. Samorka telur eðlilegt að viðmiðið í 10. gr. verði 10 MW, að minnsta kosti meðan reynsla fæst á regluverkið. Komi í ljós að Raforkueftirlitið telji sig ítrekað þurfa á upplýsingum að halda frá smærri einingum mætti skoða síðar að færa viðmiðið niður.

Þá er rétt að benda á að síðasti málslíður c-liðar sem hljóðar svo: *enda sé ekki líklegt að samningarnir hafi marktæk áhrif á verðmyndun á heildsölumarkaði*, gengur illa upp út frá tilgangi og markmiði 10. gr. Í 10. gr. eru taldir upp þeir samningar sem Raforkueftirlitið getur kallað eftir upplýsingum um og falla þar af leiðandi ekki undir reglubundin gagnaskil samkvæmt 9. gr. Samsvarandi ákvæði er í 4. gr. framkvæmdareglugerðar 1348/2014 án þess að þar sé getið fyrirvarans sem áður er nefndur. Óljóst er hvaða þýðingu setningin á að hafa. Í fyrsta lagi má spyrja hver á að meta hvort líklegt sé að samningar hafi marktæk áhrif á verðmyndun og í öðru lagi hvaða áhrif mundi það þá hafa? Ef slíkir samningar hefðu marktæk áhrif á verðmyndun, ættu þeir þá að falla undir gagnaskil samkvæmt 9. gr.?

Samorka bendir enn fremur á að 2. mgr. 10. gr., sem heimilar Raforkueftirlitinu að óska eftir gögnum þyki því þörf, sé í reynd almenn eftirlitsheimild fremur en sjálfstæð regla um gagnaskil og skarast því efnislega við heimildir í VI. kafla reglugerðarinnar. Samorka leggur til að ráðuneytið kanni hvort rétt sé að fella 2. mgr. brott sem óþarfa endurtekningu, eða að skýra sérstaklega hvernig hún er frábrugðin almennum eftirlitsheimildum Raforkueftirlitsins.

Tillaga Samorku: Viðmiðið í 10. gr. verði samræmt 10 MW-viðmiði REMIT, eða að öðrum kosti verði sjálfstæð, efnisleg rök færð fyrir hinu lægra viðmiði. Samorka leggur til að síðasti málslíður b-liðar 1. mgr. verði felldur brott og sömuleiðis 2. mgr. 10. gr.

11. gr. og viðauki II — Hvað gögn skulu innihalda

Sjá umfjöllun í kafla 3.2 í umsögninni um lagagrundvöll skilaskyldu á óstöðluðum samningum.

Auk þess álitaefnis bendir Samorka á að viðauki II er að mestu bein þýðing á viðauka framkvæmdarreglugerðar REMIT, sem er í eðlilegu samræmi við innleiðingu staðlaðs, evrópsks skýrsluforms. Nokkur hugtök standa þó enn óþýdd á ensku í drögunum sem bendir til að þeirri vinnu sé ekki að fullu lokið.

Umfang reitalistans — tillaga um að byrja smátt. Samorka bendir á að í tengslum við kröfur um gagnaskil til Raforkueftirlitsins sé almennt og heilt yfir tilefni til að byrja smátt og auka síðan smátt og smátt við kröfurnar eftir því sem reynsla fæst á boðleiðir, viðmót og þörf á þeim upplýsingum sem skilað er. Reitirnir sem taldir eru upp í viðauka II eru gott dæmi um aðstæður þar sem tilefni er til að byrja með þrengra og markvissara safn upplýsinga sem síðan yrði aukið eftir því sem tilefni gefst til. Þannig mætti byggja regluverkið upp í áföngum fremur en að krefjast fulls, óskert evrópsks staðals frá fyrsta degi á markaði sem er umtalsvert minni og einfaldari að gerð.

Samorka óskar eftir samráði og samtali við Raforkueftirlitið um umfang viðaukans til að byrja með og markaðsaðilar og Raforkueftirlitið nái sameiginlegri sýn á þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að afhenda. Samorka lýsir yfir vilja til að deila með ráðuneytinu og Raforkueftirlitinu tillögum að umfangi viðaukans.

Hér má einnig draga fram að í 8. mgr. 13. gr. er fjallað um tilkynningarskyld gögn þar sem segir að þau skuli aðeins innihalda gögn sem hægt er að draga úr núverandi skrá markaðsaðila og skuli þau að minnsta kosti innihalda upplýsingar um einkenni viðkomandi viðskipta svo sem lengd, afhendingu, uppgjorsreglur, magn, dagsetningar, tímasetningar framkvæmdar ásamt verði sem og leiðir til að einkenna marksaðila. Þannig er í 8. mgr. 13. gr. ágætt yfirlit yfir þær upplýsingar sem koma eiga fram í tilkynningarskyldum gögnum og miða má við til að byrja með. Í því sambandi má líka velja upp hvort 8. mgr. 13. gr. eigi betur heima í 11. gr. um ítaratriði gagnaskila frekar en í grein sem fjallar um tímamörk gagnaskila.

Í 6. mgr. 13. gr. segir í lokamálslið og *eigi síðar en síðasta dag næstliðins mánaðar frá því að viðskiptin áttu sér stað*. Hér má ef til vill einfaldlega segja: *eigi síðar en síðasta dag næsta mánaðar eftir að viðskiptin áttu sér stað*.

Tillaga Samorku: Stuðst verði við ákvæði sambærilega 8. mgr. 13. gr. um hvað skuli felast í tilkynningarskyldum gögnum. Viðauki II verði felldur úr reglugerðinni að svo stöddu en verði í framhaldi metinn með markaðsaðilum, þannig að einungis þeir reitir sem hafa augljósa hagnýta þýðingu fyrir eftirlit á íslenskum markaði verði gerðir skyldubundnir. Orðalag 6. mgr. 13. gr. verði einfaldað.

12.–13. gr. — Ábyrgð á gagnaskilum og tímamörk

Samorka bendir á að í 12. gr. mætti koma fram með ótvíræðum hætti að markaðsaðilar geti samið sína á milli um hvor þeirra annist formlega gagnaskil, þegar samningar eiga sér stað milli markaðsaðila og

Þá sérstaklega þegar samningar eru við notendur, t.d. stórnotendur eða samningar um töp dreifiveitna. Slík heimild virðist vera fyrir hendi samkvæmt núverandi orðalagi 12. gr., en æskilegt væri að taka af allan vafa um þetta í reglugerðinni sjálfri eða leiðbeiningum Raforkueftirlitsins.

15. gr. — Tæknilegar og skipulagskröfur og ábyrgð á gagnaskilum

15. gr. mælir fyrir um að gagnaskil skuli vera rétt, heildstæð, tímanleg og á því formi sem Raforkueftirlitið ákveður (1. mgr.), að Raforkueftirlitið þrói tæknilegar og skipulagslegar kröfur að höfðu samráði (2. mgr.), að Raforkueftirlitið geti krafist prófana eða staðfestingar á tæknilegri getu áður en reglubundin rafræn gagnaskil hefjast (4. mgr.), og að þriðji aðili sem skilar gögnum fyrir hönd markaðsaðila beri ábyrgð á heilleika, nákvæmni og tímanlegri afhendingu að því marki sem á hann verður rakið, en að markaðsaðili skuli þó gera eðlilegar ráðstafanir til að ganga úr skugga um að gögnin séu rétt (5. mgr.).

Heimild Raforkueftirlitsins til að krefjast prófana á tæknilegri getu áður en reglubundin gagnaskil hefjast er í grunninn jákvæð, en tímasetning hennar skiptir öllu máli, sbr. nánari umfjöllun og tillögu í 2. kafla umsagnarinnar um fyrirkomulag við gildistöku reglugerðarinnar.

Að lokum bendir Samorka á að tæknilegar kröfur Raforkueftirlitsins um form, snið og samskipti við gagnagrunn þess liggja ekki fyrir í dag. Samorka ítrekar mikilvægi þess að slíkar kröfur verði birtar tímanlega fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

Þá telur Samorka rétt að tengja kröfur 15. gr. um öryggi og trúnað gagna með skýrari hætti við þagnarskyldu starfsmanna Raforkueftirlitsins sjálfs samkvæmt 24. gr., þannig að ljóst sé að eftirlitinu beri að tryggja að eigin kerfi og verklag standist sambærilegar kröfur um öryggi og trúnað og gerðar eru til markaðsaðila.

4.4 V. kafli — Fyrirbygging og greining markaðssvika (16.–17. gr.)

16. gr. — Fyrirbygging og greining markaðssvika

16. gr. leggur á viðskiptavettvanga og milligönguaðila skyldu til að koma á fót skilvirku fyrirkomulagi, kerfum og verklagi til að fyrirbyggja og greina innherjasvik og markaðsmisnotkun.

Þá er í 3. mgr. 16.gr. talið upp í a) – f) liðum hvaða innri verkferla viðskiptavettvangar raforku þurfa að hafa. Hér er rétt að benda á að af þessum liðum samsvara einungis b- og f-liður beint 3. mgr. 15. gr. REMIT, sem í heild sinni mælir aðeins fyrir um þrjú atriði: að greina möguleg brot, að verja starfsmenn sem annast eftirlit fyrir hagsmunaárekstrum og tryggja sjálfstæði þeirra, og að greina og tilkynna grunsamleg viðskipti. Liðir a, c, d og e eiga sér þess í stað fyrirmynd í leiðbeiningum ACER (einkum mgr. 472–473 og 507–511), sem sjálfar sækja að verulegu leyti í reynslu af regluverki fjármálamarkaða (MAR).

Samorka bendir á að hér mætti til að byrja með láta 1. mgr. 16. gr. duga og fela viðskiptavettvöngum raforku að meta og þróa hvers konar verklag er nauðsynlegt í þeirra starfsemi til að þeir geti uppfyllt

skyldur sínar samkvæmt lögnum og reglugerð. Til að mynda eru c- og d-liðir sniðinir að fyrirtækjum með umtalsverðan fjölda starfsfólks og skýra starfsdeildaskiptingu. Á Íslandi eru viðskiptavettvangar og milligönguaðilar í raforkuviðskiptum reknir af einum til tveimur starfsmönnum, þar sem hugtakið „eining innan starfseminnar“ á sér litla eða enga samsvörun í reynd.

Tillaga Samorku: Fella 3. mgr. 16. gr. úr reglugerðinni til að byrja með. Að minnsta kosti eiga c- og d-liðir ekki við að svo stöddu.

17. gr. — Tilkynningarskylda viðskiptavettvanga og milligönguaðila í raforkuviðskiptum

Samorka bendir á umfjöllun í kafla 3.2 um rök fyrir því að fella á brott lokamálsgrein 17. gr.

Tillaga Samorku: Lokamálsgrein 17. gr. verði felld brott. Verði talið nauðsynlegt að heimila tímabundna stöðvun viðskipta á grundvelli gruns um brot, leggur Samorka til að sú heimild verði í höndum Raforkueftirlitsins en ekki viðskiptavettvangsins eða milligönguaðilans sjálfs. Eðlileg verkaskipting væri að viðskiptavettvangur tilkynni rökstuddan grun án tafar, en Raforkueftirlitið taki ákvörðun um rannsókn og eftir atvikum tímabundna stöðvun, innan skýrra og stuttra fresta og að fullnægðum viðeigandi málsmeðferðar- og kærureglum.

4.5 VI. kafli — Eftirlit og úrræði (18.–24. gr.)

19. gr. — Tilkynningar um grunsamleg viðskipti

Sjá umfjöllun í kafla 3.3 um skort á lagagrundvelli þeirrar tilkynningarskyldu sem 19. gr. leggur á almenna markaðsaðila og starfsfólk þeirra.

21.–22. gr. — Úrræði Raforkueftirlitsins og viðurlagarammi

Samorka gerir í heild ekki athugasemdir við 21.–22. gr. Um er að ræða hrein framkvæmdar- og tilvísunarákvæði sem halda sig innan þeirra heimilda sem lögin sjálf þegar veita.

23. gr. — Birting ákvarðana

23. gr. mælir fyrir um að Raforkueftirlitið skuli birta á vef sínum, án ástæðulausrar tafar, sérhverja ákvörðun um stjórnsluviðurlög eða aðra ráðstöfun vegna brota, þar á meðal hvert brotið er og hvaða aðilar sæta viðurlögum, og að slíkar upplýsingar skuli standa á vefnum í að minnsta kosti fimm ár. Ákvæðið veitir Raforkueftirlitinu jafnframt heimild til að fresta birtingu, birta ákvörðun án persónugreinanlegra upplýsinga, eða sleppa birtingu, sé hún bersýnilega ósamrýmanleg tilteknum verndarhagsmunum.

Samorka gerir enga athugasemd við þá meginreglu að ákvarðanir Raforkueftirlitsins um viðurlög séu birtar opinberlega, slík birting er almennt æskileg og styður gagnsæi eftirlits með heildsöluorkumarkaði.

24. gr. — Þagnarskylda

Samorka gerir ekki athugasemdir við 24. gr. en vísar í fyrri umfjöllun um að kröfur reglugerðarinnar um að öryggi, trúnaður og heilleiki upplýsinga sé tryggður verði að gilda jafnt um markaðsaðila og Raforkueftirlitið og starfsmenn þess.

5. Samantekt helstu tillagna

Samorka dregur hér saman helstu tillögur umsagnarinnar, í þeirri röð sem þær koma fyrir í umsögninni:

1. Gengið verði út frá því að 6. og 7. gr. laga nr. 45/2026 taki ekki gildi fyrr en liðnir eru a.m.k. 3 mánuðir frá því að tilheyandi reglugerðir, leiðbeiningar og notendahandbók hafa verið birt í endanlegri mynd, sbr. kafla 2.
2. Orðalag 7. tl. 2. mgr. 9. gr., 3. mgr. 11. gr. og töflu 2 í viðauka II verði afmarkað þannig að gagnaskilin rúmist innan þess að markaðsaðilar greini frá útsettri áhættu vegna umræddra viðskipta, sbr. kafla 3.1, sbr. 20. gr. i. raforkulaga.
3. 4. mgr. 17. gr., um bann við milligöngu um viðskipti á grundvelli gruns starfsmanns, verði felld brott, þannig að skyldur viðskiptavettvanga og milligönguaðila fylgi þeim kröfum sem birtast í 15. gr. REMIT, sbr. kafla 3.2.
4. 1.–3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar falli brott, sbr. kafla 3.3.
5. Í 1. mgr. 3. gr. verði orðin „án endurgjalds“ felld brott, og c-liður 3. mgr. 3. gr., um nafn og stöðu þess einstaklings sem leggur fram tilkynningu, verði felldur brott, sbr. kafla 4.1.
6. Horft verði til nálgunar REMIT II varðandi birtingarleiðir innherjaupplýsinga þannig að markaðsaðili beri ekki sjálfstæða ábyrgð á viðurkenndum vettvangi, heldur einungis á að velja hann og senda réttar upplýsingar, sbr. kafla 4.1. F-liður 4. gr. verði jafnframt breytt þannig að markaðsaðilum verði heimilt að velja á milli birtingar á íslensku og ensku annars vegar eða eingöngu á ensku hins vegar, og að tekið verði fram hvor útgáfa ráði ef báðar eru notaðar.
7. Orðalagið „jöfn birting“ í 2. og 3. mgr. 6. gr. verði skýrt eða felld brott, og við 1. mgr. 6. gr. bætist ákvæði um að Raforkueftirlitið skuli birta opinberlega lista yfir með hvaða hætti markaðsaðilar birta innherjaupplýsingar, sbr. kafla 4.1.
8. Raforkueftirlitið veiti í leiðbeiningum dæmi um atvik sem geta réttlætt frestun birtingar innherjaupplýsinga samkvæmt 7. gr., tímapunktur tilkynningar um frestun til Raforkueftirlitsins verði skýrður, og undanþága vegna mikilvægra innviða, að fyrirmynd 7. mgr. 4. gr. REMIT og norsks réttar, verði tekin upp í 20. gr. h raforkulaga, sbr. kafla 4.1.
9. 20. gr. f raforkulaga verði breytt þannig að lagastoð verði styrkt fyrir tvíþættu fyrirkomulagi um viðurkennda markaðsframkvæmd, bæði sem eftir-á-vörn og sem kost á fyrirfram viðurkenningu Raforkueftirlitsins og ferlið í 8. gr. og viðauka I verði einfaldað til að byrja með, sbr. kafla 4.2.
10. Viðmiðið í 10. gr. verði 10 MW, síðasti málsliður b-liðar 1. mgr. verði felldur brott og 2. mgr. 10. gr. verði jafnframt felld brott, sbr. kafla 4.3.

11. Stuðst verði við ákvæði sambærilegt 8. mgr. 13. gr. um hvað skuli felast í tilkynningarskyldum gögnum, viðauki II verði felldur úr reglugerðinni að svo stöddu og metinn í framhaldinu í samráði við markaðsaðila, og orðalag 6. mgr. 13. gr. verði einfaldað, sbr. kafla 4.3.
12. Í 12. gr. verði tekið af skarið um að markaðsaðilar geti samið sín á milli um hvor þeirra annist gagnaskil.
13. Kröfur 15. gr. um öryggi og trúnað gagna verði tengdar með skýrari hætti við þagnarskyldu starfsmanna Raforkueftirlitsins sjálfs samkvæmt 24. gr., sbr. kafla 4.3.
14. 3. mgr. 16. gr. verði felld úr reglugerðinni til að byrja með, sbr. kafla 4.4.

6. Lokaorð

Samorka ítrekar stuðning sinn við meginmarkmið laganna og reglugerðarinnar og vilja til áframhaldandi samstarfs við ráðuneytið og Raforkueftirlitið við að tryggja að regluverk um heilindi og gagnsæi á íslenskum heildsöluorkumarkaði verði bæði skilvirkt og raunhæft í framkvæmd. Þær athugasemdir sem hér eru gerðar endurspeгла þá sannfæringu Samorku að regluverkið verði best tryggt til lengdar með því að það sé skýrt afmarkað í lögum, í eðlilegu samræmi við þá evrópsku fyrirmynd sem það sækir til, og taki mið af raunverulegri stærð og gerð íslensks heildsöluorkumarkaðar.

Samorka er reiðubúin til frekara samráðs um einstök atriði umsagnarinnar og til að leggja fram frekari gögn eða rökstuðning telji ráðuneytið þörf á því.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur